

ÁKVÖRDUN SAMEIGINLEGU EES-NEFNDARINNAR
nr. 178/2017

2019/EES/52/29

frá 22. september 2017

um breytingu á II. viðauka við EES-samninginn (Tæknilegar reglugerðir, staðlar, prófanir og vottun)

SAMEIGINLEGA EES-NEFNDIN HEFUR,

með vísan til samningsins um Evrópska efnahagssvæðið („EES-samningurinn“), einkum 98. gr.,

og að teknu tilliti til eftirfarandi:

- 1) Fella ber inn í EES-samninginn tilskipun framkvæmdastjórnarinnar (ESB) 2017/774 frá 3. maí 2017 um breytingu, að því er varðar samþykkt tiltekinna viðmiðunarmarkna um íðefni, sem eru notuð í leikföng, á viðbæti C við II. viðauka við tilskipun Evrópuþingsins og ráðsins 2009/48/EB um öryggi leikfanga, að því er varðar fenól (1).
- 2) II. viðauki við EES-samninginn breytist því í samræmi við það.

TEKIÐ EFTIRFARANDI ÁKVÖRDUN:

1. gr.

Eftirfarandi undirlið er bætt við lið 1a (tilskipun Evrópuþingsins og ráðsins 2009/48/EB) í XXIII. kafla II. viðauka við EES-samninginn:

„– **32017 L 0774**: Tilskipun framkvæmdastjórnarinnar (ESB) 2017/774 frá 3. maí 2017 (Stjttð. ESB L 115, 4.5.2017, bls. 47).“*2. gr.*Íslenskur og norskur texti tilskipunar (ESB) 2017/774, sem verður birtur í EES-viðbæti við *Stjórnartíðindi Evrópusambandsins*, telst fullgiltur.*3. gr.*

Ákvörðun þessi öðlast gildi 23. september 2017, að því tilskildu að allar tilkynningar skv. 1. mgr. 103. gr. EES-samningsins hafi farið fram (*).

*4. gr.*Ákvörðun þessi skal birt í EES-deild *Stjórnartíðinda Evrópusambandsins* og EES-viðbæti við þau.

Gjört í Brussel 22. september 2017.

Fyrir hönd sameiginlegu EES-nefndarinnar

Sabine Monauni

formaður.

(1) Stjttð. ESB L 115, 4.5.2017, bls. 47.

(*) Engin stjórnskipuleg skilyrði gefin til kynna.